

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag íbúðasvæðis í Garðahrauni við Álftanesveg í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt deiliskipulag íbúðasvæðis í Garðahrauni við Álftanesveg. Svæðið afmarkast af Herjólfsgötu að vestanverðu, af Engidal að austanverðu, af bæjarmörkum við Hafnarfjörð að sunnanverðu og af fyrirhuguðum nýjum Álftanesvegi að norðanverðu.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 9. nóvember 2003.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Iðnaðarsvæði austan Reykjavíkurveggar“ vegna Reykjavíkurveggar 76, 78 og 80 í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 21. ágúst 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Iðnaðarsvæði austan Reykjavíkurveggar“ vegna Reykjavíkurveggar 76, 78 og 80 í Hafnarfirði. Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar, 7. nóvember 2003.*

**Lilja Grétarsdóttir** arkitekt.

## AUGLÝSING

### um umferð á Djúpavogi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu sveitarstjórnar Djúpavogshrepps eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Djúpavogi:

1. Biðskylda verði á Markarlandi gagnvart Víkurlandi.
2. Biðskylda verði á Mörk gagnvart Víkurlandi.
3. Biðskylda verði á „bakvegi“ inn í þorpið gagnvart Víkurlandi.
4. Gangbrautarmerkjum verði komið fyrir við Markarland 6, Markarland 11, við Löngubúð og við Borgarland 13.

Ákvörðun þessi tekur nú þegar gildi.

*Lögreglustjórnin á Eskifirði, 4. nóvember 2003.*

**Inger L. Jónsdóttir.**